

**36. fundur í háskólaráði Lbhí** haldinn á Hvanneyri 11. apríl 2013 kl. 10:00. Mættir: Stefán Logi Haraldsson, Þórhallur Bjarnason, Emma Eyþórslóttir, Ásmundur Einar Daðason, Jón Torfi Jónasson, Sigurlaug J.Ó. Þorsteinsdóttir, Ágúst Sigurðsson rektor og Þorvaldur T. Jónsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Haraldur Benediktsson og Orri Páll Jóhannsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð 35. fundar samþykkt án athugasemda.
2. Frá rektor. ÁS greindi frá nokkrum atriðum sem hafa vegið þungt í starfi Lbhí síðustu mánuði, fram kom m.a. að menntamálaráðuneytið hefur samþykkt fjárhagsáætlun Lbhí fyrir árið 2013 og jafnframt óskað eftir að skólinn skili langtímaáætlun. Mikið starf hefur verið unnið vegna gæðamála, skólinn skilaði skýrslu um innri úttekt og í framhaldi af henni var úttekt sérfræðinganefndar (sjá lið 4). Í mars var haldin á Hvanneyri ráðstefnan Landsýn í samstarfi stofnana sem áður stóðu að fræðaþingi landbúnaðarins. Alþingi samþykkti nú á vordögum að auka við fíjárveitingar til Landgræðsluskólans. Hvanneyrarjörð og nágrenningarðir tilheyra nú Ramsarsvæði sem gefur mikla möguleika fyrir vísindastarf á svíði votlendismála. Í umræðum kom m.a. fram að mikilvægt sé að taka upp þráðinn í viðræðum um starfsstöðvar og hagræðingarleiðir, sbr umræður fyrri funda, strax í upphafi nýs kjörtímabils. Lögð var fram eftirfarandi bókun:

*„Háskólaráð leggur til að gerð langtímaáætlunar verði frestað til haustsins þar sem viðræður Lbhí og menntamálaráðuneytis um framtíð starfsstöðva og hagræðingu hafa ekki leitt til neinnar niðurstöðu. Af hálfu skólans er lögð áhersla á að viðræðum verði haldið áfram á næstu vikum og mánuðum. Forsendur langtímaáætlunar eru því nú mjög óljósar og rökrétt að gerð hennar haldist í hendur við þær ákvarðanir sem liggur fyrir að taka um hagræðingaraðgerðir og/eða aukin framlög til skólans.“*
3. Breytt lög um opinbera háskóla. Alþingi hefur samþykkt breytingar á lögum um opinbera háskóla sem taka gildi 1. júlí nk. Hluti af breytingunni er að Lbhí starfar nú eftir sömu lögum og aðrir opinberir háskólar í stað búnaðafræðslulaga og ákvæða í lögum um rannsóknastofnanir atvinnuveganna sem þar með eru felld úr gildi. Ýmsar breytingar fylgja gildistöku laganna, m.a. skipan háskólaráðs. Fram kom í umræðum að mikilvægt sé að gæta að stöðu starfsmenntanámsins og fyrrkomulagi þess þegar starf Lbhí er fært að lagaumgjörð háskólakerfisins. Lögð var fram eftirfarandi bókun:

*„Háskólaráð beinir því til rektors að setja á stofn starfshóp sem fjalli sérstaklega um stöðu starfsmenntanámsins innan Landbúnaðarháskólans og vinni að því að tryggja framtíð þess sem best, m.a. með hliðsjón af nýju lagaumhverfi. Skoða þarf innihald námsins og stöðu þess innan skólans jafnt sem skólakerfisins. Þá þarf að tryggja sérstaklega fjármögnun til námsins og gera um það sérstakan samning við menntamálaráðuneytið svo sem kveðið er á um í nígildandi lögum.“*
4. Gæðaúttekt. Sérfræðinganefnd gerði úttekt á starfi Lbhí í byrjun mars sl, úttektin var hluti af gæðaferli háskóla. Meginniðurstöður eru komnar frá nefndinni en ítarlegri skýrsla mun berast síðar á árinu. Úttektarnefndi gefur starfi skólans góða einkunn í heild (confidence) en bendir á nokkur atriði sem taka þarf til athugunar. M.a. bendir nefndin á að tryggja þurfi skólanum betri fjármögnun, dreifð starfsemi geri starfið flókið og að smæð stofnunarinnar sé takmarkandi. Fram kom í umræðum að mikilvægt sé að taka þær athugasemdir sem fram koma í úttektinni alvarlega og vinna markvisst að viðbrögðum sem bætt geta starfið. Háskólaráð styður yfirstjórn skólans í því að fara kerfisbundið í gegnum alla gagnrýni sem fram kemur á starf skólans í skýrslunni og gera breytingar til úrbóta.

5. Samstarf við HÍ. Nokkur reynsla er nú komin á Samstarfsnet háskólanna og hefur það skilað góðum árangri svo langt sem það nær. Rektor rakti nokkrar ástæður fyrir því að til hagsbóta geti verið fyrir Lbhí að auka enn frekar samstarf við Háskóla Íslands. Gera þurfi gagngera skoðun á því hvar tækifæri og ávinningur sé af frekara samstarfi við HÍ með það fyrir augum að efla starf Lbhí til framtíðar. HÍ hefur samþykkt slíkar viðræður fyrir sitt leyti. Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

*„Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands samþykkir að fram fari viðræður við Háskóla Íslands þar sem markvisst verði kannaðir möguleikar skólanna til samstarfs. Sérstök áhersla verði lögð á samstarf sem skilar faglegum ávinningi, nýjum tækifærum og öflugra starfi á fagsviðum Lbhí til framtíðar.“*

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál. Stefnt að því að næsti fundur háskólaráðs verði 31. maí í tengslum við útskriftarathöfn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00.